

**439. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 8. febrúar 2012 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Fjarverandi hreppsnefndarmenn: Birna S. Benediktsdóttir í h.st. Guðni J. Ólafsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir í h.st. Guðlaug S. Björnsdóttir.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. **1201007F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 65](#)**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
2. **1202003F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 66](#)**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
3. **1202021 - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps fundargerðir 27. - 29.fundar.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
4. **1202004 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 793.fundar stjórnar**
Lagt fram tilkynningar.
5. **1202013 - Náttúrustofa Vestfjarða - Endurnýjun samninga umhverfisráðuneytis og náttúrustofu.**
Lagt fram til kynningar.
6. **1202005 - Velferðanefnd Alþingis beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, 440.mál.**
Erindinu vísað til félagsmálastjóra. Samþykkt samhljóða.
7. **1202003 - Trausti Þór Sverrisson skólastjóri Tálknafjarðarskóla, segir starfi sínu lausu frá og með 1.ágúst 2012, af persónulegum ástæðum.**
Hreppsnefnd þakkar skólastjóra vel unnin störf sl. 3 ár. Oddvita falið að auglýsa starfið laust til umsóknar.
Samþykkt samhljóða.
8. **1202017 - Atvinnuveganefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppböð aflaheimilda), 202.mál**
Ekki send umsögn. Samþykkt samhljóða.

9. **1202018 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392.mál**
Oddvita falið að senda inn umsögn. Samþykkt samhljóða.
10. **1202020 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393.mál**
Oddvita falið að senda inn umsögn. Samþykkt samhljóða.
11. **1202002 - Lífæðin menningarútvarp beiðni um styrk**
Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.
12. **1202001 - FSN beiðni um styrk til forvarna- og félagsmála**
Oddvita falið að afla nánari upplýsinga. Samþykkt samhljóða.
13. **1201021 - UMFÍ – Gisting íþróttahópa**
Tálknafjarðarhreppur mun taka jákvætt í að veita íþróttahópum gistingu í Tálknafjarðarskóla á sanngjörnum kjörum, verði eftir því leitað. Samþykkt samhljóða.
14. **1201010 - Samstarfssamningur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps vegna reksturs sameiginlegra málaflokka**
Oddvita falið að ganga frá samningnum og leggja fram undirritaðan á næsta fundi hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.
15. **1201009 - Veitingastofan Tígull, uppsögn á umsjón með skólamáltíðum.**
Uppsögnin dregin til baka og mun veitingastofan Tígull standa við gerðan samning út þetta skólaár. Samþykkt samhljóða.
16. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Oddviti lagði fram aðsóknartölur að íþróttahúsi og sundlaug allt aftur til 2004 og einnig er lokið álagningu fasteignagjalda og fór oddviti yfir helstu tölur í því sambandi.
Fyrir liggur samningur milli Tálknafjarðarhrepps og sóknarnefndar Stóra-Laugaradalssóknar vegna varðveislu flygils í kirkjunni. Samþykkt með 4 atkvæðum, GÓ á móti.
Eftirfarandi beiðnir bárust frá nefndasviði Alþingis í dag: Frá atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga um stjórn fiskveiða(þjóðareign á nytjastofnun og nýtingarréttur) 408. mál. Frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. mál. Frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 342. mál. Þar sem umsagnarfrestur er til 1. mars nk., samþykkir hreppsnefnd að afgreiða málin í tölvupóstsamskiptum.
17. **1201008 - Viðlagatrygging - endurmat á veitum og höfn - tengiliður**
Lagt fram til kynningar.
18. **1201027 - Samb. Ísl sveitarfélaga - Endurgr vsk vegna kaupa á slökkvibifr og búnaði.**
Lagt fram til kynningar.

19. **1201020 – Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - listi yfir fyrirtæki sem fengið hafa eftirlit 2011.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____